

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

86. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn föstudaginn 5. september 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 11:00

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Hjördís Albertsdóttir og Jón Ingi Gíslason frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Val kennara á menntunarákvæði.

Samkvæmt upplýsingum frá Háskóla Íslands og fleiri aðilum sem eru að vinna að afhendingu og afgreiðslu gagna vegna vals kennara, með vísan í menntunarákvæði gr. 1.3.2.1 skv. kjarasamningi með gildistíma frá 1. desember 2017 – 30. júní 2019, er nokkur töf á afgreiðslu erinda sem er allt að þrjár vikur miðað við fyrirliggjandi beiðnir kennara.

Niðurstaða:

Til að bregðast við ofangreindum tögum á afhendingu gagna er samstarfsnefnd sammála um að þeir kennarar sem gera grein fyrir vali sínu fyrir 15. september n.k. og vilja fá viðbótarmenntun metna sbr. grein 1.3.2.1, persónuálag vegna viðbótarmenntunar, fái menntunina metna frá 1. ágúst. ef námsferilsyfirlit/menntunargögn hafa borist vinnuveitanda fyrir 15. október 2018.

Nánar um framkvæmd á vali kennara á menntunarákvæði.

Minnt er á að samkvæmt ákvörðun SNS eiga allir kennarar að gera grein fyrir vali sínu hvort sem þeir velja menntunarákvæði 1.3.2.1, persónuálag vegna viðbótarmenntunar, eða 1.3.2.2. launaflokkar vegna viðbótarmenntunar.

Mikilvægt er að kennarar vandi valið og skoði menntunargögn sín gaumgæfilega áður en þeir taka ákvörðun um val.

Þeir kennarar sem gera ekki grein fyrir vali sínu fyrir 15. september 2018 fá viðbótarlaun vegna menntunar áfram greidd samkvæmt eldra menntunarákvæði sbr. gr. 1.3.2.2 og launatöflu 2.

Samstarfsnefnd vill árétta að þeir kennarar sem velja að fá viðbótarlaun vegna menntunar samkvæmt eldra menntunarákvæði, sbr. gr. 1.3.2.2 og laun skv. launatöflu 2, þurfa ekki að sækja sér gögn til viðkomandi háskóla eða skólastofnana nema í þeim tilfellum sem þeir telja að gögn sem máli skipta séu ekki til staðar hjá vinnuveitanda/launadeild.

2. Önnur mál.

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.